

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. desember 2024
Málsnúmer: 202411-0036
LA

Efni: Tvö ný efnistökusvæði vegna Blöndulínu 3. Matsskyldufyrirspurn.

Við er í bréf frá Skipulagsstofnun í gegnum Skipulagsgátt, dags. 21. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna tveggja efnistökusvæða á vestasta hluta línuleiðar Blöndulínu 3.

Helstu markmið og forsendur fyrir þessum nýju efnistökusvæðum eru að afla nauðsynlegs jarðefnis fyrir framkvæmdir við Blöndulínu 3. Önnur efnistökunáman er sunnan við bæinn Bollastaði í Blöndudal nánast undir fyrirhugaðri línuleið Blöndulínu 3. Jarðefni eru sendinn og malarkenndur jökulruðningur og gert er ráð fyrir 8 ha vinnslusvæði með 50-100 þús. m³ af efni. Hin náman er við Svartá í Svartárdal sunnan við bæinn Stafn þar sem brú þverar ána. Jarðefnið er áreyrarmöl og er vinnslusvæðið tæpir 2 ha með 20-25 þús. m³ af efni. Þó að efnistaka hafi verið stunduð á báðum svæðum eru þau ekki skilgreind sem slík í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Um tímabundna efnistöku er að ræða.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð með matsskyldufyrirspurn.

Fyrirhuguð efnistökusvæði eru ekki innan svæðis á náttúruverndarskrá eða njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.

Á báðum efnistökusvæðunum er vinnslulag eingöngu um 1-2 m að þykkt sem veldur því að umfang efnistöku á yfirborði verður meira, en hins vegar verða námurnar grunnar og því líklegt að auðveldara sé að jafna yfirborð þeirra eftir að efnistöku lýkur.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir og telur ekki þörf á að efnistökusvæðin fari í mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin mælist til þess að efnistökunni verði áfangaskipt, sérstakleg á námasvæðinu við Bollastaði, og að frágangur verði til fyrirmyndar.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur